

315. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 2. desember 2024 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

Fundargerð ritaði: Lárus Ársælsson, umhverfisstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2411005 - Aðgerðaáætlun vegna innleiðingar barnasáttmálans

Akraneskaupstaður hefur unnið markvisst að innleiðingu verkefnisins Barnvænt Sveitarfélag í samstarfi við UNICEF síðan 2021. Nú liggja fyrir 17 aðgerðir sem stýrihópur verkefnisins hefur forgangsraðað og myndar aðgerðaáætlun Akraneskaupstaðar vegna innleiðingar Barnasáttmálans 2023-2025. Aðgerðaáætlun þessi byggir á niðurstöðum stöðumats sem var framkvæmt frá 2021-2023 ásamt helstu niðurstöðum kortlagningar á velferð og réttindum barna á Akranesi. Tilgangurinn verkefnisins er m.a. að innleiða verklag í stjórnsýslu Akraneskaupstaðar sem miðar að því að tryggja réttindi barna og að starfsfólk taki mið að Barnasáttmálanum með hagnýtum hætti. Sólveig Sigurðardóttir, deildarstjóri, mætir á fundinn

Skipulags- og umhverfisráð fagnar þessum góða áfanga og styður fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun sem tryggir réttindi barna í allri stjórnsýslu Akraneskaupstaðar. Framkvæmd aðgerðaráætlunar er þegar hafin og leggur ráðið áherslu á áframhaldandi framvindu aðgerða með það að markmiði að sveitarfélagið öðlist viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag á árinu 2025.

2. 2301246 - Vesturgata 62 - gamla ípróttahúsið

Ástandskoðun Verkís á Vesturgötu 62 lögð fram.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að kynna ástand húsnæðisins fyrir Ríkiseignum samanber minnisblað frá Verkís um ástand þess.

3. 2309071 - Golfklúbburinn Leynir - viðhaldsverkefni húsnæðis vegna lekavandamála

Ástandsskoðun Verkís á kjallara á Garðavöllum.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að bregðast við ábendingum í skýrslunni og gera áætlun um framhaldsaðgerðir í samráði við forsvarsmenn golfklúbbsins. Þegar áætlunin liggur fyrir verður hún lögð fram til ráðsins.

4. 2411032 - Jaðarsbakkar skipulagsbreytingar - fyrirspurn til bæjarstjórnar

Fyrirspurn um skipulagsbreytingar á Jaðarsbökkum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir drög að svörum er lúta að skipulagi og

uppbyggingu á Jaðarsbökkum og vísar málinu til bæjarráðs til frekari úrvinnslu.

5. 2207011 - Deiliskipulag Dalbrautarreitur norðurhluta

Deiliskipulag Dalbraut norður var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 9. október til 27. nóvember 2024. Tvær athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa að leggja fram drög að svörum við athugasemdum sem bárust á auglýsingatíma.

6. 2407069 - Deiliskipulag Sementsreit- breyting reitum R og I

Tillaga að breytingu deiliskipulags á Sementsreit kynnt.

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

7. 2406240 - Breyting á aðalskipulagi vegna Innnesvegur 1 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 vegna Innnesvegur 1. Sett verður sérákvæði í fyrir landnotkunarflokk VB-212 sem heimilur starfsemi bílapvottastöðvar.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreyting verði auglýst í samræmi við 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt 2:0, Valgarð Lyngdal Jónsson sat hjá við atkvæðagreiðslu undir þessum dagskrárlíð.

8. 2308168 - Deiliskipulag Flatahverfi klasi 5 og 6 Innnesvegur 1 Breyting - umsókn til Skipulagsfulltrúa

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasi 5 og klasi 6 vegna Innnesvegur 1. Breyting felst í að heimilt verði að hafa starfsemi bílapvottastöð í húsnæðinu.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreyting verði auglýst í samræmi við 1.mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt 2:0, Valgarð Lyngdal Jónsson sat hjá við atkvæðagreiðslu undir þessum dagskrárlíð.

9. 2210065 - Kirkjubraut, Kalmannsbraut endurgerð

Kynntar hugmyndir og áætlun frá Stúdío Jæja í verkið.

Skipulags- og umhverfissráð felur sviðstjóra að ganga frá samningi við Stúdío Jæja um verkið. Ráðið óskar eftir að fá hönnuði á næsta fund ráðsins.

10. 2411193 - Útboð Miðbæjarreitir - Suðurgata 57, Suðurgata 47, Skólabraut 24

Bæjarráð vísar málinu til skipulags- og umhverfissráðs til frekari úrvinnslu. Málið komi svo að nýju fyrir bæjarráð.

Skipulags- og umhverfissráð felur sviðstjóra að breyta gögnum til samræmis við umræðu á fundinum. Ráðið vísar málinu til bæjarráðs til frekari úrvinnslu.

11. 2411226 - Dreifing sorptunna og merking

Björgunarfélag Akraness hefur lagt fram umtalsverða vinnu við upptöku nýrrar úrgangsflokkunar hjá heimilum í sveitarfélaginu.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að veita Björgunarfélagi Akraness styrk vegna framlags þeirra við upptöku nýrrar úrgangsflokkunar hjá heimilum í sveitarfélaginu. Styrkurinn er að upphæð 7.700.000 kr. og rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins.

12. 2406121 - Úrgangspjónusta á Akranesi 2024-2030 samningur

Tillaga frá Terru um að losun heimila í Gámu verði eftir gjaldskrá byggt á rúmmetragjaldi, en ekki þyngd. Gjaldskrá verði sambærileg við gjaldskrá sem gildir í endurvinnslustöðvum Sorpu.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir tillögu Terru um að gjaldskrá á úrgangi heimila í Gámu verði byggð á rúmmetragjaldi en ekki þyngd. Gjaldskrá verði sambærileg gildandi gjaldskrá í endurvinnslustöðvum Sorpu.

Ráðið leggur áherslu á góða kynningu til íbúa og fyrirtækja um breytingu á gjöldum varðandi úrgang til losunar hjá Gámu. Umhverfisstjóra er falið að útfæra það nánar og leggja fyrir ráðið á ný.

13. 2410062 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Breytt tillaga um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs lögð fram.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir tillögu um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:45.